

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Hönnun og smíði – hringekja – 8. bekkur

Áfangalýsing				
Lýsing frá kennara: Meginmarkmið í hönnun og smíði er að vekja og efla áhuga nemenda á handverki og verkgreinum og að þeir fái tækifæri til að þroska með sér verkfærni og verkkunnáttu og vera skapandi í starfi. Nemendur fá að vinna með fjölbreytt efni s.s. smíðavið, málma, plast og leður. Samhliða því er unnið með grunnþætti í almennt menntun s.s. að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt, temji sér vinnusemi, góða umgengni og beri virðingu fyrir sinum verkum og annarra. Smíðin er því góður undirbúningur fyrir lífið og á að stuðla að færni til frekara náms. Nemendur í 8. bekk eru í hringekju í myndmennt, textilmennt, heimilisfræði og hönnun og smíði, hver hópur u.þ.b. 9 vikur á hverjum stað. Kennsluáætlunin endurtekur sig yfir veturinn fyrir alla hópa. Fyrsta lota er frá 22. ágúst – 30. október 2016 Önnur lota er frá 31. október – 15. janúar 2017 Þriðja lota er frá 16. janúar – 20. mars 2017 Fjórða lota er frá 21. mars – 2. Júní 2017				
Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst	Að nemendur smíði hlut sem þeir hafa not fyrir og að þeir átti sig á gildi þess að vanda allan frágang með útlit og áferð í huga.	Gestabók.	Teikna upp og hanna útlit. Saga, pússa og mála eða lakka. Setja saman og koma lömum fyrir. Setja blöð í bókina og festa þau með leðurreim.	9mm birkikrossviður. Lím. Lamir og leðurreimar. Málning og lakk. Hvítur ljósritunarpappír.
Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
September	Að nemendur geti nýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa til að útbúa nýttjahluti sem mæta þeirra áhuga og þörfum. Að nemendur geti nýtt sér afgang efni og gefið því	Gestabók. Tréfigúra. Frjáls verkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda. Hálsmen eða hringur úr málmi, nýta sér rúnaletur.	Yfirleitt þarf að teikna upp og málsetja það sem á að smíða og gera sér grein fyrir hvernig verkferlið er. Því næst er að velja efni við hæfi. Að nemendur noti afgangsefni og tilfallandi hluti í smíðastofunni í	Fura. MDF. Plast. Málmar, ál eða nýsilfur. Afgangs timbur og tilfallandi hlutir sem nýta má við fígúrugerð.

	nýtt hlutverk við fígúruggerð. Getu valið sér málmi sem þeir ráða við að vinna með.		fígúruggerð.	
Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Október	Að nemendur geti nýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa til að útbúa nytjahluti sem mæta þeirra áhuga og þörfum. Að nemendur læri að vinna saman. Að nemendur læri að vinna með tré, leir, málma og rafmagnsíhluti.	Hálsmen eða hringur úr málmi, nýta sér rúnaletur. Samvinnuverkefni: Rafmagnsverkefni með viftu til að yfirvinna viðnám, sleði eða bátur. Nemendur vinna þetta verkefni þrjú til fjögur saman. Aukaverkefni taka mið af áhuga og getu nemenda.	Yfirleitt þarf að teikna upp og málsetja það sem á að smíða. Velja efni við hæfi og gera sér grein fyrir hvernig verkferlið er.	Fura. MDF. Plast. Leir. Málmar, ál eða nýsilfur. Rafmagnsíhlutir, mótur, rofi og rafhlöðubox.
Nóvember				
Desember				

Námsmat
Námsmat eftir nýrri aðalnámskrá fyrir hönnun og smíði er enn í vinnslu.

Kennsluhættir
Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

Kennari, netfang
Gunnlaugur Jóhannsson, gulli@akmennt.is